

SAMÞYKKTIR
fyrir
ÍSLENSK – INDVERSKA VIÐSKIPTARÁÐIÐ
(Icelandic-Indian Trade Council)

I. Nafn og tilgangur

01. Nafn og lögheimili

- (1) Ráðið ber nafnið “Íslensk – indverska viðskiptaráðið”. Það er í samþykktum þessum nefnt “ráðið”. Réttarstaða fer eftir íslenskum lögum.
- (2) Lögheimili ráðsins er í Reykjavík.

02. Tilgangur og verkefni

- (1) Ráðið hefur það verkefni, að efla verslunar- og viðskiptasambönd milli Indlands og Íslands. Líta ber á ráðið sem vettvang til skoðana- og upplýsingaskipta milli viðskiptaaðila og ríkisstjórna beggja landa.
Ráðið mun leitast við að styrkja hagsmuni félagsmanna með því að stuðla að nánara sambandi fyrirtækja beggja landa.
- (2) Til þess að ná þessu markmiði hvíla á ráðinu, svo fremi ekkert annað segir í samþykktunum, eftirfarandi verkefni:
 1. Upplýsingaþjónusta og ráðgjöf.
 2. Miðlun, umsjón og þróun viðskiptasambanda milli fyrirtækja í báðum löndunum.
 3. Að koma á og hafa umsjón með tengslum milli viðskiptaaðila beggja landa, sem áhuga hafa á því.
 4. Að vaka yfir viðskiptalegum hagsmunum félaga sinna jafnt hjá íslenskum sem Indverskum yfirvöldum og opinberum stofnunum.
 5. Að safna og koma á framfæri upplýsingum um viðskiptalífið bæði á Íslandi og Indlandi, um ástand og þróun viðskipta, með útgáfustarfsemi; fréttabréfum, ársskýrslum, ritlingum og öðrum upplýsingagögnum.
 6. Að sjá um og boða samkomur svo sem blaðamannafundi, upplýsingaráðstefnur, móttökur og umræðufundi, í samræmi við tilgang ráðsins.
 7. Að fræða um sölu-, kaup- og fjárfestingarmöguleika í báðum löndum.
 8. Að hafa milligöngu um samkomulag í deilum milli aðila af báðum þjóðernum.

II. FÉLAGAR

03. Félagsmenn

(1) Ráðið er myndað af:

- Almennum félögum
- Heiðursfélögum

(2) 1. Almennir félagar geta verið einstaklingar með íslenskan eða Indverskan ríkisborgararétt, svo og fyrirtæki sem eru að verulegu leyti í eign indverskra eða íslenskra borgara eða félög í einka- eða opinberri eign, með aðsetur í Indlandi eða á Íslandi, sem taka sannanlega þátt í innersk-íslenskum viðskiptum.

2. Stjórn ráðsins getur tilnefnt á aðalfundi einstaklinga, sem hafa unnið sérstaklega að eflingu ráðsins, til heiðursfélaga, með minnst 2/3 hluta atkvæða viðstaddra og af sérstöku tilefni tilnefnt heiðursforseta ráðsins.

Heiðursfélagar hafa seturétt en ekki atkvæðisrétt á stjórnarfundum.

(3) Stjórnin tekur ákvörðun um félagaáðild, sem þarf að sækja um skriflega. Úrsögn er einnig skrifleg og miðast við áramót.

(4) Auk þess getur stjórnin með 2/3 atkvæða gert féлага brottrækan ef sérstök ástæða liggur fyrir. Sérstök ástæða telst fyrst og fremst alvarlegt brot gegn hagsmunum eða tilgangi ráðsins, brot á lögum þess og eins óheiðarleg framkoma.

III. STJÓRN

04. Hlutverk

(1) Stjórnin vinnur að verkefnum ráðsins, gætir tilgangs þess, sér um stefnumótun og gætir hagsmuna félaga.

(2) Stjórnin tekur ákvarðanir í þeim málum, sem aðalfundur hefur ekki tekið skýlausar ákvarðanir í eða heyra ekki beint undir framkvæmdastjórnann samkvæmt lögum eða félagslögum.

05. Myndun og kosning

(1) Í stjórn eru þrír félagar sem eru kosnir til tveggja ára á aðalfundi. Í stjórn má ekki sitja nema einn fulltrúi hvers félagsaðila.

(2) Stjórnarmenn eru kosnir til tveggja ára. Endurval er leyfilegt. Stjórnarsetan er persónuleg og staðgengill ekki leyfður.

(3) Stjórnin velur stjórnarformann og varaformann.

(4) Stjórnin getur tekið bindandi ákvarðanir ef tveir stjórnarmenn eru mættir. Við stjórnarákvarðanir nægir einfaldur meirihluti. Þegar atkvæði eru jöfn hefur atkvæði stjórnarformanns tvöfalt vægi.

(5) Undirritun stjórnarformanns og framkvæmdastjóra skuldbinda ráðið. Ef ekki er búið að ráða framkvæmdastjóra verður félagið skuldbundið með undirritun stjórnarformanns ásamt einum stjórnarmanni eða tveim stjórnarmönnum saman.

(6) Ef stjórnarmaður fellur úr stjórn áður en stjórnartímabilinu er lokið, þá getur stjórnin valið óbreyttan féлага í stjórnina til næsta aðalfundar.

IV. AÐALFUNDUR

06. Boðun og dagskrá

(1) Aðalfund ber að halda fyrir lok maí á ári hverju. Senda verður boð um aðalfund með minnst 2 vikna fyrirvara og þá með dagskrá. Auk þess á að halda að minnsta kosti einn félagsfund á árinu. Stjórnin getur boðað til aukafundar með að minnsta kosti sjö daga fyrirvara.

(2) Félagar með kosningarétti geta borið fram tillögur til dagskrár, sem þurfa að berast stjórninni að minnsta kosti viku fyrir fund.

07. Fundarsköp

(1) Allir félagar hafa rétt til að mæta á aðalfundi, bera fram tillögur og greiða atkvæði.

(2) Hver óbreyttur félagi, sem hefur greitt félagsgjald og hver heiðursfélagi eiga eitt atkvæði á aðalfundi, en stjórnarformaður hefur tvö atkvæði. Löglega valinn fulltrúi félags eða fyrirtækis greiðir atkvæði fyrir umbjóðanda sinn. Skriflegt umboð til atkvæðisréttar má veita fyrir allt að 5 atkvæðum. Atkvæði eru greidd með handauppréttingu nema leynilegrar atkvæðagreiðslu verði óskað.

(3) Einfaldur meirihluti nægir til ákvörðunartöku nema lögin segi annað.

08. Fundarstjórn og fundarritun

(1) Stjórnarformaður stýrir aðalfundi, en varaformaður ef stjórnarformaður forfallast.

(2) Framkvæmdastjóri ritar fundargerð.

(3) Dagskrá aðalfundar er sem hér segir:

- Skýrsla stjórnar
- Ársreikningar
- Skýrsla endurskoðenda
- Lausn stjórnar
- Val stjórnar til tveggja ára
- Val endurskoðanda
- Ákvörðun félagsgjalds

V. FRAMKVÆMDASTJÓRI

09.

(1) Framkvæmdastjórinn er ábyrgur fyrir öllum daglegum rekstri samkvæmt þessum lögum.

(2) Framkvæmdastjórinn getur í samráði við stjórnina sett samstarfsmann sem staðgengil sinn.

(3) Framkvæmdastjórinn eða staðgengill hans taka þátt í félagsfundum, stjórnarfundum, tilsjónarnefndum, félagssamkomum og nefndarfundum.

(4) Framkvæmdastjóri og öllu starfsfólki ráðsins ber að hafa í heiðri óhlutdrægni og trúnað í starfi.

VI. FJÁRMÁL

10.

(1) Ráðið fær fjármagn til að sinna verkefnum sínum með:

- Félagsgjöldum
- Þjónustugjöldum
- Óafturkræfum styrkjum
- Vöxtum og arði af eignum
- Annarri fjáröflun

(2) Hin árlegu félagsgjöld eru ákveðin á aðalfundi og á að greiða þau í síðasta lagi í næsta mánuði eftir fundinn. Stjórnin getur útilokað félaga sem ekki greiða tímanlega.

(3) Reikningsár ráðsins er almanaksárið.

(4) Aðalfundur velur úr hópi sínum tvo endurskoðendur eða felur utanaðkomandi endurskoðunarskrifstofu það hlutverk.

VII. ÖNNUR ÁKVÆÐI

11. Fyrirsvar

(1) Stjórnarformaður og framkvæmdastjóri hafa fyrirsvar fyrir ráðinu jafnt í dómsmálum sem öðrum málum nema landslög kveði á um annað. Heimilt er að fela öðrum umboð í einstökum málum.

(2) Ef stjórnarformaður eða framkvæmdastjóri er forfallaður mega fulltrúar þeirra koma fram fyrir þá.

12. Slit ráðsins

(1) Ákvörðun um slit ráðsins þarf að taka á aðalfundi með 2/3 hluta greiddra atkvæða.

(2) Þeim eignum, sem ekki hefur verið ráðstafað og kunna að vera eftir þegar búið er að ganga frá öllum skuldbindingum við slit ráðsins skal ráðstafa á aukafélagsfundi og afhenda þær stofnun, sem vinnur að sömu eða líkum verkefnum og ráðið gerði eða stofnunum, sem hafa þann tilgang að efla indversk-íslensk viðskiptasambönd.

13. Lagabreytingar

Ákvörðun um lagabreytingar skal tekin af 2/3 hluta greiddra atkvæða á aðalfundi. Tillögur um lagabreytingar skal kynna með fundarboði fyrir aðalfund.

14. Staðfesting samþykktanna

Lög þessi voru samþykkt á stofnfundi í Reykjavík 4. maí 2005.

Lög ÍIV endurskoðuð á aðalfundi ÍIV 7. júní 2024.
